

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/526****2023/EES/63/13**

frá 23. október 2020

**um leiðréttingu á tékkneskri útgáfu framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) <sup>(1)</sup>, einkum 111. gr. (c-lið 1. mgr.), 234. gr., 241. gr. (a- og c-lið), 245. gr. (4. mgr.), 248. gr. (7. mgr.) og 260. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tékkneska tungumálaútgáfan af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 <sup>(2)</sup> inniheldur villur í 182. gr. (1. mgr.), 190. gr. (1. og 2. mgr.), 331. gr. (a-lið 1. mgr.), 332. gr. (inngangsmálslið og a-lið 1. mgr.), 333. gr. (inngangsmálslið og a-lið 1. mgr.), 335. gr. (a-, b- og d-lið 1. mgr.), 343. gr. (iv. lið a-liðar 5. mgr.), 346. gr. (a-lið 1. mgr.), 350. gr. (a-lið 1. mgr.), 351. gr. (1. mgr.), 351. gr. (c-lið 2. mgr.), 352. gr. (2. mgr.), 355. gr. (b-lið 4. mgr.), 377. gr. (1. mgr.) og 380. gr. (i. lið b-liðar), sem breyta merkingu textans.
- 2) Því ætti að leiðrétta tékknesku útgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 106, 26.3.2021, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stj. 335, 17.12. 2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stj. 12, 17.1.2015, bls. 1).